

FUNDARGERÐ

132. FUNDAR HEILBRIGÐISNEFNDAR VESTURLANDS

Miðvikudaginn 27. janúar 2016 kl: 15:00 var haldinn fundur hjá Heilbrigðisnefnd Vesturlands í Ráðhúsi Borgarbyggðar í Borgarnesi.

Á fundinum voru:

Ingibjörg Valdimarsdóttir (IV), formaður
Eyþórs Garðarssonar, (EG) varaformaður
Ólafur Adolfsson (ÓA)
Hulda Hrönn Sigurðardóttir (HHS)
Halla Steinólfsdóttir (HS)
Trausti Gylfason (TG)
Ragnhildur Sigurðardóttir (RS)

Á fundinum voru auk nefndarmanna Helgi Helgason framkvæmdastjóri og Ása Hólmarsdóttir heilbrigðisfulltrúi sem ritaði fundargerð. Sigrún Guðmundsdóttir aðalmaður komst ekki á fundinn og mætti Halla Steinólfsdóttir varamaður í hennar stað.

Dagskrá fundarins hófst með heimsókn í fyrirtæki á Vallarási 7-9 í Borgarnesi. Fundi var svo framhaldið í Ráðhúsi Borgarbyggðar. Hulda þurfti að víkja af fundi eftir 2. dagskrárlið.

Formaður bauð fundarmenn velkomna og var síðan gengið til dagskrár.

1. Heimsókn í prótínverksmiðju, Vallarás 7-9 Borgarnesi.

Nefndarmenn hittu forsvarsmenn fyrirtækisins og starfsmenn Héðins hf sem hönnuðu verksmiðjuna. Starfsemi fyrirtækis og væntanleg framleiðsla kynnt og farið yfir feril vinnslunnar. Verksmiðjan vinnur mjöl og lýsi úr slógi eldislax. Heilbrigðisnefnd þakkar fyrir kynninguna og móttökur.

Fundur í ráðhúsi Borgabyggðar hófst kl 16:40

2. Prótínverksmiðja Borgarnesi (Artic Protein)- Starfsleyfisumsókn-Tölvupóstur frá Umhverfisstofnun og fleira.

Framkvæmdastjóri greindi frá samskiptum við Umhverfisstofnun vegna fyrirspurnar um hvort HeV eða UST eigi að gefa út starfsleyfi fyrir umrædda starfsemi sbr. lög nr. 7/1998. *Heilbrigðisnefnd gerir ekki athugasemdir við þá ákvörðun UST að heilbrigðisnefnd gefi út starfsleyfi fyrir starfsemi Artic Protein við Vallarás 7-9 í Borgarnesi.*

Þar sem um þróun á framleiðsluvöru er að ræða vísar nefndin í I. viðauka reglugerðar nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun, en þar segir: „ Stöðvar, eða hlutar þeirra, sem eru notaðar fyrir rannsóknir, þróun og prófun á nýjum vörum og aðferðum falla ekki undir þessa reglugerð“

Þegar þróunarvinnu lýkur skal fyrirtækið sækja um starfsleyfi til HeV eigi síðar en 1. maí 2016.

Fyrirtækið skal á þessum þróunartíma fara að skilyrðum í gögnum sem það hefur sent heilbrigðisnefnd m.a. vegna ferskleika, gerðar og vinnslu hráefnis.

Jafnframt skal starfsemin vera í samræmi við skipulag Borgarbyggðar.

3. Frumvarp til breytinga á lögum nr. 7/1998. Breytt verkaskipting milli HES og UST.

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið hefur lagt fram til kynningar á heimasíðu ráðuneytis frumvarpsdrög um breytingu á lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir. Gefinn er frestur til 3. febrúar n.k til að senda inn athugasemdir við frumvarpsdrögin. Framkvæmdastjóri greindi frá aðdraganda málsins og helstu atriðum í frumvarpinu sem snúa að innleiðingu á tilskipun 2010/75/ESB um losun frá iðnaði og einnig gjörbreytta verkaskiptingu milli HES og UST.

Lögð fram tillaga að umsögn um lagafrumvarpið.

Samþykkt

4. HB-Grandi, fiskþurrkun. Undanþága UAR frá 19. jan'16 og umsögn UST frá 8. des'15.

Framkvæmdastjóri greindi frá undanþágu frá starfsleyfi til áframhaldandi óbreyttrar starfsemi fiskþurrkunar HB Granda hf á Akranesi sem Umhverfis- og auðlindaráðuneytið gaf út 19. janúar s.l. Undanþágan gildir til 1. maí 2016. Einnig var rædd umsögn Umhverfisstofnunar vegna málsins.

Lögð fram tillaga að bréfi til Umhverfis- og auðlindaráðuneytis (UAR) vegna athugasemda og óverðskuldaðra aðfinnsla við verklag HeV vegna málsins.

HeV hvetur UAR og UST til að lesa innsend málagögn yfir áður en opinberar stjórnvalds ákvarðanir eru birtar.

Samþykkt.

5. Akranes- Umsögn um gjaldskrá vegna sorphirðu og eyðingu sorps, frá 6. des'15

Heilbrigðisnefnd staðfestir ofangreinda gjaldskrá.

6. Grundarfjörður – Umsögn um gjaldskrá vegna fráveitu og umsögn vegna gjaldskrá fyrir förgun sorps, frá 30. nóv'15

Heilbrigðisnefnd staðfestir ofangreinda gjaldskrá.

7. Hvalfjarðarsveit – Umsögn um gjaldskrá fyrir sorphirðu og eyðingu sorps, frá 2. des'15

Heilbrigðisnefnd staðfestir ofangreinda gjaldskrá.

8. Borgarbyggð – Umsögn um gjaldskrá fyrir söfnun, móttöku og flokkun sorps frá 23. des'15.

Heilbrigðisnefnd staðfestir ofangreinda gjaldskrá.

9. Starfsleyfi

Eystri-Leirargarðar ehf, heimavinnsla matvæla í eldhúsi Laxárbakka. - *Endurnýjun*

ÁTVR, Borgarbraut 58-60, Borgarnesi. – *Endurnýjun*

ÁTVR, Þjóðbraut 13, Akranesi. - *Endurnýjun*

Fótaaðgerðastofa Kristínar, Höfðaholti 6, Borgarnesi. – *Nýtt*

Svæðisgarðurinn Snæfellsnes. Heimamarkaður í hlöðu á Brimilsvöllum, *tímabundið leyfi.*

Snæfrost hf, Norðurgarði B, Grundarfirði, frystigeymsla fyrir matvæli- *Nýtt*
Dansstudio Írisar Smiðjuvöllum 17, Akranesi. Dansskóli- *Nýtt*

Heilbrigðisnefnd staðfestir ofangreind leyfi

10. Tóbakssöluleyfi- Gildir í 4 ár.

Vitakaffi ehf, Vitakaffi Stillholti 16-18, Akranesi.

Heilbrigðisnefnd staðfestir ofangreint leyfi

11. Umsagnir til sýslumanns – Rekstrarleyfi veitinga- og gististaða.

Suður-Bár Grundarfirði, heimagisting og gisting i sumarhúsi. – *Endurnýjun*

Heimagisting Ölmú- Sundabakki 14, Stykkishólmi, íbúð. – *Nýr rekstraraðili*

Söðulsholt, Eyja- og Miklaholtshreppi, Söðulsholt ehf. Gisting, 4 sumarhús. – *Nýtt*

Hobbitinn Ólafsbraut 19, Ólafsvík. Veitingastaður- *Endurnýjun*

Narfeyrarstofa Aðalgötu 3, Stykkishólmi. SS-veitingar, veitingastaður- *Nýr rekstraraðili*

Varmaland Borgarbyggð, Varmaland Villa, Villi ehf. - Gististaður- íbúð. – *Nýtt*

Skúlagata 21, Borgarnes Bed and Breakfast, Núna ehf. – Gististaður, heimagisting – *Nýr rekstraraðili.*

Geirshlíð ferðabjónusta, Borgarbyggð. – Heimagisting. – *Endurnýjun.*

Traðir guesthouse, Tröðum Snæfellsbæ, Á eyrunum ehf- gisting og veitingar- Breytingar á rekstraraðila.

Framlagt

12. Brennur og flugeldasýningar

Björgunarsveitin Ósk Dalasýslu, flugeldasýning í landi Fjósa, Búðardal þann 31.des'15

Dalabyggð, brenna í landi Fjósa Búðardal og brenna í landi Bjarnastaða Saurbæ 31.des'15

Stykkishólmsbær, áramótabrenna við Vatnsás Stykkishólmi, 31.des'15

Snæfellsbær, áramótabrenna á Breiðinni við Rif, 31.des'15

Ungmennafélag Stafholtstungna, brenna norðan við félagsheimilið Þinghamar 2. jan'16

Ungmennafélag Reykdæla, brenna á Tíðamelum, Reykholti, 31.des'15

Íbúar við Víðigrund á Akranesi, brenna við Innnesveg 31. des '15

Grundarfjarðarbær, brenna i landi Hrafnkelsstaða Grundarfirði 6.jan'16

Björgunarsveitin Elliði, flugeldasýning við Rauðhálsa Hnappadal 6.jan'16

Björgunarsveitin Elliði, flugeldasýning við Kirkjuhól Staðarsveit, 30.des'15

Björgunarsveitin Lífsbjörg Snæfellsbæ, flugeldasýning og brenna á Breiðinni við Rifsflugvöll

Björgunarsveitin Lífsbjörg Snæfellsbæ, flugeldasýning á fótboltavelli á Hellissandi, 6.jan'16

Jónsmessa ehf, brenna í landi Breiðabólsstaðar Miðdölum, áramót.

Lionsklúbbur Ólafsvíkur, brenna við Hvalsá Snæfellsbæ 6. jan'16.

Ungmennafélagið Íslendingur brenna við Tungutúnsborg, Hvanneyri 31.jan'15

Íbúar í Melahverfi Hvalfjarðarsveit, brenna norðan Melahverfis 31. jan'15

Vistheimilið Kvíabryggja, Grundarfirði, áramótabrenna.

Ungmennafélag Staðarsveitar, brenna við Kirkjuhól Staðarsveit 30.des'15
Björgunarsveitin Brák, brenna og flugeldasýning við Englendingavík Borgarnesi 6.jan'16
Miðhraun 2 Eyja- og Miklaholtshreppi, brenna í landi Miðhrauns 2 31.des'15
Björgunarfélag Akraness brenna og flugeldasýning á þyrlupalli við Jaðarsbakka 6. jan'16

Framlagt

13. Umsagnir til sýslumanns vegna tækifærisleyfa.

Kalmansvellir 1, Akranesi. Kirkjukór Akraneskirkju, tónleikar 28. nóv'15
Félagsheimilið Brún Bæjarsveit, dansleikur 18. des'15.
Félagsheimilið Logaland, Ungmennafélag Reykdæla tónleikar og dansleikur 28. des'15
Hjálmaklettur Borgarnesi, Knattspyrnudeild Skallagríms, áramótadansleikur.
Félagsheimili Skugga Borgarnesi, Lionsklúbburinn Agla, þrettándagleði 9. jan'16
Félagsheimilið Logaland Reykholtssdal, söngskemmtun Söngbræðra 9. jan'16
Félagsheimilið Valfell Borgarbyggð, hreppsmót/þorrablót 22.jan'16
Félagsheimilið Dalabúð Búðardal, Þorrablót Laxdæla 23.jan'16
Félagsheimilið Tjarnarlundur, Dalabyggð. Ungmennafélagið Stjarnan, þorrablót 30.jan'16
Félagsheimili Skugga, Borgarnesi. Hestamannafélagið Skuggi, þorrablót 15. jan'16
Íþróttahúsið Vesturgötu, Akranesi. Áhugamannafélag Club 71, þorrablót 23.jan'16
Félagsheimilið Lyngbrekka, þorrablót 29. jan'16
Félagsheimilið Brún, Borgarbyggð, þorrablót 23. jan'16
Félagsheimilið Lindartunga, Borgarbyggð, Ungmennafélagið Eldborg, þorrablót 5. feb'16
Félagsheimilið Þinghamar, Borgarbyggð, þorrablót 30.jan'16
Félagsheimilið Árblik, Dalabyggð, þorrablót 6. feb'16
Hjálmaklettur Borgarnesi, Körfuknattleiksdeild Skallagríms, þorrablót 13. feb'16.

Framlagt

14. Aðrar umsagnir

-Stykkishólmur. Umsögn send byggingarfulltrúa um teikningu af breyttu húsnæði á Nesvegi 1, í Stykkishólmi.
-Dalabyggð. Umsögn send byggingarfulltrúa um lýsingu á deiliskipulagstillögu fyrir Ólafsdal.
-Stykkishólmur. Umsögn send byggingarfulltrúa vegna teikninga af nýju bókasafni við Grunnskólann.
-GMR Grundartanga, Hvalfjarðarsveit. Matskyldu fyrirspurn vegna breytinga á úrgangsfæri.
Umsögn send Skipulagsstofnun.

Framlagt

15. Önnur mál.

- SHÍ (Samtök Heilbrigðiseftirlitssvæða), Aðalfundur 21. okt'15. Fundargerð.
- Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála nr. 103/2013. Söfnun lífræns úrgangs í Reykjavík.
- UST, reglubundið eftirlit hjá Sorpurðun Vesturlands 16. des'15.
- Skýrsla um rannsóknir í Meðalfellsvatni, nóv 2015. Unnið af Náttúrufræðistofnun Kópavogs.
- SHÍ, Umsögn vegna endurskoðunar reglugerðar 724/2008 um hávaða frá framkvæmdum í íbúðabyggð og miðsvæðis í þéttbýli.
- Undanþága til dreifingar á kjúklingaskít á alifuglabúinu Hurðarbaki í Hvalfjarðarsveit, 28. nóvember til 4. desember 2015.
- Erindi frá framkvæmdastjóra SSV um að aðalfundur samtakana verði miðvikudaginn 6. apríl n.k.

Framlagt

Fundi slitið kl: 17:45